

6. Útflutningur

Fiskistofa safnar upplýsingum um magn og verðmæti þess afla sem fluttur er óunninn á erlenda fiskmarkaði. Alls voru 44.727 tonn flutt út á árinu 2019. Það er um 5% samdráttur frá fyrra ári.

Lönd og magn

Í töflu 6.1 má sjá yfirlit yfir útflutning á ónunnum ísuðum afla eftir tegundum og löndum árin 2019 og 2018. Eins og sést þar er talsverður samdráttur í útflutningi á þorski til Bretlands en talsverð aukning í útflutningi til Bretlands á ýsu. Aukning er á útflutningi á djúpkarfa á milli

ára en útflutningur á öðrum tegundum hefur verið að minnka.

Útgáfa vottorða

Fiskistofa hefur um nokkurra ára skeið borið ábyrgð á að gefa út veiði- og vinnsluvottorð sem nauðsynleg eru við útflutning á sjávarafurðum og staðfesta að afurðirnar eigi uppruna sinn í löglegum veiðum. Evrópusambandið skilgreindi kröfur um þetta efni á sínum tíma og vottorðin eru sniðin að tilskipun þaðan en það færist æ meir í aukana að gerð er krafa um þessi vottorð vegna

6.1 Útflutningur á ónunnum fiski eftir sölulöndum 2019 og 2018

Slægður fiskur

Fisktegund	Alls 2019	Bretland	Danmörk	Frakkland	Pólland	Þýskaland	Holland	Aðrir
Þorskur	8.003	3.671	346	271	426	1.359	1.924	5
Ýsa	8.997	8.587	0	96	49	235	30	0
Ufsi	5.476	94	331	900	1.353	2.438	321	38
Lýsa	267	95	0	168	0	3	0	0
Karfi/Gullkarfi	9.966	170	232	3.350	1	5.885	272	57
Langa	341	58	3	213	2	41	24	1
Blálanga	75	2	0	38	0	20	2	14
Keila	63	1	5	1	0	39	17	0
Steinbítur	2.013	249	8	1.067	67	244	372	7
Hlýri	150	4	0	24	0	67	46	8
Skötuselur	85	46	14	13	0	5	4	5
Skata	21	8	0	0	0	0	12	0
Grálúða	825	3	25	619	2	43	129	5
Skarkoli	2.970	984	22	99	1	36	1.824	3
Þykkvalúra/Sólkoli	861	566	20	1	6	20	248	1
Langlúra	131	18	53	2	0	0	58	0
Stórkjasta/Öfugkjasta	92	5	2	4	0	1	28	52
Djúpkarfi	4.065	14	0	1.209	0	2.842	0	0
Aðrar tegundir	324	12	1	0	0	4	305	2
Samtals	44.727	14.586	1.063	8.076	1.908	13.281	5.615	198

Fisktegund	Alls 2018	Bretland	Danmörk	Frakkland	Pólland	Þýskaland	Holland	Aðrir
Þorskur	10.654	4.294	329	122	1.453	1.490	2.381	586
Ýsa	7.029	6.202	11	34	93	209	9	472
Ufsi	4.801	94	92	204	1.363	2.688	93	267
Lýsa	369	201	0	149	0	1	9	8
Karfi/Gullkarfi	11.180	247	144	3.984	15	5.898	255	637
Langa	631	120	0	192	58	37	1	224
Blálanga	48	4	0	16	0	14	1	14
Keila	7	0	0	3	0	3	0	0
Steinbítur	2.187	144	0	812	0	97	113	1.021
Hlýri	75	4	0	17	0	13	35	5
Skötuselur	221	55	8	42	2	10	36	67
Skata	13	8	0	0	0	0	0	5
Grálúða	938	3	167	626	40	37	63	2
Skarkoli	4.193	873	33	349	0	48	1.733	1.156
Þykkvalúra/Sólkoli	1.046	648	8	23	0	16	215	136
Langlúra	158	23	6	0	0	0	84	46
Stórkjasta/Öfugkjasta	114	5	0	0	0	1	27	81
Djúpkarfi	3.230	12	0	570	0	2.612	0	36
Aðrar tegundir	324	15	0	5	0	0	235	69
Samtals	47.217	12.954	797	7.147	3.024	13.172	5.289	4.834

útflutnings til landa utan ESB. Þannig eru þessi vottorð t.d. nauðsynleg á mikilvægum mörkuðum í Austur-Evrópu og víða í Asíu. Frá áramótum 2018 gerðu bandarísk stjórnvöld kröfu um svipuð vottorð vegna innflutnings þangað á nokkrum tegundum, þ.á m. þorski. Fiskistofa vann að því í samvinnu við hagsmunaaðila og stjórnvöld að koma upp rafrænni útgáfu vottorða vegna viðskiptanna við Bandaríkin og var það tilbúið tímanlega fyrir árslok 2017.

Á árinu 2019 voru gefin út 36.885 rafræn veiðivottorð sem er tæplega 5,5% aukning frá fyrra ári. Útgefin vinnsluvottorð 2019 voru 683 og fjölgaði þeim um rúmlega 12,3% á milli ára.

Frá árinu 2007 hefur Fiskistofa séð um útgáfu á leyfum til út- og innflutnings á afurðum sjávardýra sem heyra undir svonefndan CITES-samning. Á árinu gaf Fiskistofa út 20 slík leyfi en á árinu 2018 voru þau 39 talsins.

Aðallega var um útflutning á hvalaafurðum að ræða bæði til vísindaiðkunar og sölu.

